

Hulda Kristjánsdóttir

From: Oddviti Bláskógabyggðar <oddviti@blaskogabyggd.is>
Sent: fimmtudagur, 28. nóvember 2024 11:13
To: Ásta Stefánsdóttir; Haraldur Þór Jónsson; Iða Marsibil Jónsdóttir; Aldís Hafsteinsdóttir; Hulda Kristjánsdóttir; Pétur Georg Markan; Elliði Vignisson; Sandra Dís Hafþórsdóttir (sandradis@olfus.is); Bragi Bjarnason
Cc: Kjartan Björnsson; 'Arna Ír Gunnarsdóttir'; Sandra Hveragerði; Gestur Þór Kristjánsson
Subject: Tilnefning í vinnuhóp v/ kostnaðarskiptingu í BÁ

Komið þið sæl.

Á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga sem haldinn var á Hótel Geysi 15. október 2024 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga haldinn á Hótel Geysi 15. október 2024 samþykkir að kostnaðarskipting haldist óbreytt samkvæmt stofnsamþykkt Héraðsnefndar þangað til endanleg niðurstaða um skiptingu kostnaðar Brunavarna Árnessýslu liggur fyrir.

Jafnframt samþykkir fundurinn að skipaður verði vinnuhópur til að greina kostnað við brunavarnir og vinna tillögu að skiptingu kostnaðar. Vinnuhópurinn verði skipaður einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi. Vinnuhópurinn skili sínum niðurstöðum á vörfundum Héraðsnefndar 2025.

Héraðsnefnd samþykkir að vinnuhópnum sé heimilt að leita sérfræðiráðgjafar vegna þessarar vinnu.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Í samræmi við bókun Héraðsnefndar er óskað eftir því að hvert aðildarsveitarfélag Héraðsnefndar Árnesinga tilnefni einn fulltrúa í vinnuhópinn. Stefnt er að fyrsta fundi vinnuhópsins um miðjan desember, því er mikilvægt að tilnefning liggja fyrir sem fyrst. Óskað er eftir að tilnefningar verði sendar á undirritaðann þegar niðurstaða liggur fyrir.

Með góðri kveðju,
Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árnesinga

*Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Aratunga, 806 Selfoss
Sími: 480-3000 og 898-1552
Netfang: oddviti@blaskogabyggd.is
Veffang: www.blaskogabyggd.is*



BLÁSKÓGABYGGÐ

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.